

ákveðin 3.000,00 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkv. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 800,00, til Inga R. Helgasonar lögfræðings.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Heiðmundur Ottósson, greiði 3.000,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun ekki þessum verkunum hans.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með taldar kr. 800,00 til skipaðs talsmanns síns, Inga R. Helgasonar lögfræðings.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. apríl 1959.

Nr. 158/1958. **Ákæruvaldið** (Baldvin Jónsson hrl.)

gegn

Aldísi Bjarnadóttur (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot á lögum nr. 10/1957.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í máli þessu eftir uppkvaðningu héraðsdóms, en ekki leiðir það, er fram kom við próf þessi, til breytinga á úrlausn héraðsdóms, sem ber að staðfesta að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærðu til að greiða áfrýjunarkostn-

að sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða, Aldís Bjarnadóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Baldvins Jónssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 2.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. september 1958.

Ár 1958, föstudaginn 26. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4568/1958: Ákærvaldið gegn Aldísi Bjarnadóttur, sem dómtekið var í gær.

Málið er höfðað gegn Aldísi Bjarnadóttur húsfreyju, til heimilis að Kárástíg 11 hér í bæ. Er hún samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 24. júní sl., ákærð „fyrir að hafa frá 1. júlí sl. leigt neðri hæðina í húsi sínu, nr. 10 A við Vitastíg í Reykjavík, undir hárgreiðslustofu, en áður hafði umrætt húsnæði verið notað til íbúðar eða fram að 6. janúar f. á. Þykir þetta varða við 1. mgr. 2. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 10/1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, sbr. bráðabirgðalög nr. 63/1956, um sama efni.

Þess er krafizt, að ákærð verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærð er fædd 5. júlí 1883 á Sandi í Kjós. Hún hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt kæru eða refsingu fyrr.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 20. janúar sl., kærði húsnæðismálastjórn til sakadómara yfir því, að hárgreiðslustofa hefði tekið til starfa á neðri hæð hússins Vitastíg 10 A hér í bæ, en áður hafði verið þar íbúð, tvö herbergi og eldhús.

Við rannsókn málsins upplýstist þetta:

Húsið Vitastígur 10 A er steinsteypuhús, jarðhæð og rishæð. Flatarmál neðri hæðar er um 31 fermetri. Á neðri hæð eru tvö herbergi og salerni, sem er undir stiga upp á loftið. Uppi er eitt herbergi og bað. Eigandi hússins er ákærð, sem er ekkja. Ákærð og maður hennar bjuggu í húsinu frá árinu 1932, og eftir að maður ákærðrar dó, bjó hún áfram í húsinu til 6. janúar 1957. Ekkert eldhús í venjulegum skilningi var í húsinu. Ákærð eldaði allan mat uppi. Þar hafði hún rafmagnsplötu og vask. Eftir að ákærð fluttist úr húsinu, lét hún framkvæma nokkuð víðtæka viðgerð á húsinu. Um mánaðamótin júní—júlí 1957 leigði ákærð neðri hæðina undir hárgreiðslustofu, sem hefur verið rekin þar síðan. Herbergið uppi er notað til íbúðar, og býr þar sonur ákærðrar.

Leitað var til heilbrigðisnefndar um umsögn um húsnæðið á neðri hæðinni, sbr. 1. gr. 1. nr. 10/1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum. Umsögnin barst 27. ágúst sl. Þar segir m. a. á þessa leið: „Húsnæðið er tvö herbergi, forstofa og stigauppgangur, en undir stiganum er vatnssalerni með handlaug, en án loftræstingar. Annað herbergið er að flatarmáli 13,75 m², en hitt 8,6 m². Lofthæð 283 sm.

Vegna legu og smæðar herbergjanna eru ekki fyrir hendi skilyrði til þess að geta gert húsnæði þetta að íbúð samkvæmt gildandi ákvæðum heilbrigðissamþykktar Reykjavíkur um íbúðir, sjá 31. gr., 2. mgr., 32. gr. og 33. gr.

Hins vegar verður að telja, að herbergin út af fyrir sig séu íbúðarhæf, og má gera ráð fyrir, að þau hafi verið það sem einstaklingsherbergi einnig í janúar 1957, án þess að verulegar endurbætur hafi þurft að koma til.“

Framangreind atvikalýsing máls þessa er byggð á eigin framburði ákærðrar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins.

Hér er um að ræða, að ákærð hefur tekið tvö íbúðarherbergi ásamt salerni undan íbúð sinni á Vitastíg 10 A og leigt þau út undir önnur afnot en til íbúðar. Með þessu atferli hefur ákærð brotið gegn 1. mgr. 2. gr. 1. nr. 10/1957.

Samkvæmt 4. gr. sömu laga og með hliðsjón af því, að hér er um lítið húsnæði að ræða, þykir refsing ákærðrar hæfilega ákveðin kr. 10.000,00 sekt til byggingarsjóðs ríkisins, sbr. 1. nr. 42/1957. Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald 50 daga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar

með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls S. Pálssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Ákærð, Aldís Bjarnadóttir, greiði kr. 10.000,00 í sekt til byggingarsjóðs ríkisins, og komi varðhald 50 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærð greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hrl., að upphæð kr. 1.500,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. apríl 1959.

Nr. 171/1958. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson hrl.)

gegn

Daníel Jóni Kjartanssyni

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Svo sem segir í héraðsdómi, hefði ákærði átt að veita telpunni, sem fyrir slysinu varð, og stallsystur hennar eftirtekt, ef hann hefði sýnt fulla aðgæzlu, er hann ók yfir gatnamót Vestmannabrautar og Bárugötu í umrætt skipti. Bar honum þá að fylgjast með ferðum þeirra og haga akstri sínum svo, að þeim stafaði sem minnst hættu af. Með aðgæzluskorti sínum hefur hann gerzt sekur við þau lagaþöð, sem í héraðsdómi greinir. Á hinn bóginn ber á það að líta, að ákærði ók varlega að vætti vitna og að telpan hljóp út á akbrautina í veg fyrir bifreiðina. Þegar litið er til þessa, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr.